

## Mótmæli gagnvart dómurum

- Hefur uppi mótmæli með orðum eða látæði t.d. sveiflar höndum
- Ögrandi hegðun í garð dómara

**Dómurum ber að áminna fyrir slíka hegðun**

## Hópögranir eða hópast um dómara

- Við hópögranir ber að lágmarki að sýna einum leikmanni úr hvoru liði gula spjaldið
- Gerist leikmenn sekir um að hópast í kringum dómara með mótmæli eða til þess að reyna að hafa áhrif á ákvörðun hans (t.d. með því að heimta gult eða rautt spjald á mótherja) **ber dómara að áminna a.m.k. einn þeirra** sem þannig haga sér (oftast þann sem hefur sig mest í frammi). Því til viðbótar **ber að áminna hvern þann leikmann sem leggur á sig langa leið til þess að koma mótmælum sínum á framfæri**

## Óíþróttamannsleg hegðun

T.d. leiktafir

- Sparka/kasta bolta burt eftir að leikur hefur verið stöðvaður
- Taka bolta og fara með hann
- Fara fyrir og eða hindra töku aukaspyrnu

**Dómurum ber að áminna fyrir slíka hegðun**

## Boðvangur

Taka ber á allri ósæmilegri/óábyrgri hegðun þeirra sem eru á tæknisvæðinu. Sama hvort að um sé að ræða varamenn eða aðila úr starfsteymi liðanna. Einungis einum aðila er heimilt að standa fram í boðvangi í einu og þá einungis til að koma á framfæri taktískum fyrirmælum til sinna leikmanna.

**Fyrirliði + Dómari = samvinna. Ef markvörður liðs er fyrirliði skal liðið tilnefna leikmann fyrir leik sem á að vera í samskiptum við dómara. Tilkynna verður dómara fyrir leik hver þessi leikmaður er.**

- Aðeins fyrirliða er heimilt að nálgast og vera í samskiptum við dómara. Skal hann koma fram af kurteisni og háttvísi
- Fyrirliði ber ábyrgð á því að aðrir leikmenn liðsins virði þessa reglu og sýni dómarateyminu virðingu. Leikmenn séu ekki að hópast í kringum dómara
- Leikmaður annar en fyrirliðinn sem ekki fer eftir þessari reglu og nálgast dómara með mótmælum eða sýnir af sér óíþróttamannslega hegðun skal áminntur.

Áhersluatriði þessi gilda fyrir knattspyrnumót KSÍ árið 2026 og hafa nú þegar tekið gildi